

Hreinsun og viðhald mótorhjóls

Efnisyfirlit

1. Gott að vita	2
1.1 S100 Hreinsivörur fyrir mótorhjól.....	3
1.2 Munurinn á ódýrum, súrum eða mjög basískum hreinsiefnum	3
2. Rétt umhirða lakkaðra flata og plastefna	4
2.1 Að eyða móðu	4
2.1 Að eyða móðu	4
2.2 Að auka gljáa	4
2.3 Að eyða rispum	4
2.4 Yfirborðslokun.....	4
2.5 Ólakkaðir plastefnahlutar	5
2.6 Svona má vernda lakkið gegn skordýrum	6
3. Málmhreinsun og viðhald	7
3.1 Ál	7
3.1.1 Bert, óhúðað ál.....	7
3.1.2 Lakkað ál.....	8
3.1.3 Rafhúðað ál	8
3.2 Viðhald málmhluta.....	8
4. Hreinsun á felgum.....	9
5. Besta vörnin gegn útfjólubláum geislum	10
Beinir útfjólubláir geislar:.....	10
Óbeinir útfjólubláir geislar:	10
Hvað er ráðlegt að nota sem vörn gegn útfjólubláum geislum?	10
6. Að undirbúa mótorhjólíð fyrir vetrardvala	11
7. 10 ábendingar við hreinsun og umhirðu mótorhjólsins.....	12

1. Gott að vita

Innihald

1.1 S100 Hreinsivörur fyrir mótorhjól

1.2 Munurinn á ódýrum, súrum eða mjög basískum hreinsiefnum

Til að viðhalda fallegu útliti mótorhjólsins, góðu ástandi þess sem og til að halda verðgildi mótorhjólsins eins og kostur er skiptir regluleg hreinsun og viðhald þess miklu máli, sérstaklega einstakra hluta svo sem keðju. Þó snýst umhirða hjólsins ekki aðeins um að halda í gott útlit. Ef illa er hirt um mótorhjól geta þau valdið mikilli hættu. Ef skemmdir, til dæmis af völdum tæringar, eru ekki lagfærðar, getur það valdið því að aðrir hlutir í mótorhjólinu eyðileggist. Í einstaka tilfellum geta illa hirtar keðjur slitnað og valdið alvarlegum slysum.

Við umhirðu hjólsins gætið ávallt að því við hvaða yfirborð er unnið. Mótorhjól er samansett af mismunandi efnum, svo sem:

- Lökkuðum málmhlutum (til dæmis eldsneytisgeymir)
- Húðuðum málmhlutum (til dæmis króm)
- Lökkuðum plasthlutum (til dæmis klæðning og mælaborð)
- Ólökkuðum plasthlutum (til dæmis aurlífar og spegill)

Algengustu og öflugustu mengunarvaldarnir eru:

- Olíumengun á vélavæðinu
- Óhreinindi af völdum feiti hjá keðjunni og afturhjólinu
- Skordýr og óhreinindi af götunni á öllu mótorhjólinu
- Núningur málma á milli keðjuboxins og bremsanna

Fjöldi mismunandi efna og óhreininda sem geta lagst á mótorhjólið veldur því að vanda þarf val á umhirðu- og hreinsivörum. Aðeins vörur sem vinna vel á mismunandi óhreinindum og eyðileggja ekki efnið á sama tíma geta talist fyrsta flokks umhirðuvörur.

1.1 S100 Hreinsivörur fyrir mótorhjól

S100 Hreinsiefnið fyrir mótorhjól inniheldur sérþróað efni sem er yfirborðsvirkt og sem síast inn í olíu- og fituóhreinindi og leysir þau upp. Þar að auki magnar klóbindiefni upp formúluna. Það leysir upp óhreinindaagnir sem auðvelt er að spúla af með vatni.

Hreinsiferli á borð við þetta tekur tíma. Sérstaklega þegar um er að ræða þrálát óhreinindi. Hreinsiefnið ætti ekki að spúla af óhreinundunum of snemma. S100 Allrahanda hreinsiefni fyrir mótorhjól er í hlaupkenndu formi. Ef efnið er geymt í lóðréttri stöðu endist það lengur án þess að þorna upp og heldur um leið fullri virkni sinni og vinnur bug á verstu blettunum.

Með því verður ekki snert á yfirborðsflatinum sjálfum. S100 Allrahanda hreinsiefni fyrir mótorhjól inniheldur engin ágeng efni. Því má einnig nota það til að hreinsa yfirborðsflat.

1.2 Munurinn á ódýrum, súrum eða mjög basískum hreinsiefnum

Ódýr hreinsiefni fyrir mótorhjól hafa gjarnan mjög einfalda efnasamsetningu. Innihaldsefnin eru oft mjög virk en um leið skaðleg bæði fyrir yfirborðsflatina sjálfa, sem og fyrir umhverfið. Þá líta þessi hreinsiefni oft út fyrir að virka mjög hratt. En í raun og veru skemma þau yfirborðsefnið sem þau eiga að virka á. Það koma þá í ljós skemmdir í lakkinu eða að flekkir myndast á yfirborði málmhlutanna og í mörgum tilfellum getur efnið reynst heilsufarslega skaðlegt þeim sem notar það. Auk þess getur dregið úr virkni hreinsiefnisins, með því til dæmis að úðinn dreifist ójafnt yfir flötinn eða að afköstin eru léleg og bendir allt þetta til þess að um sé að ræða annars flokks vöru.

S100 Hreinsivörurnar ganga í gegnum reglulegar rannsóknir og víðtækar prófanir til að mæta **ÖLLUM** mikilvægum kröfum. Hreinsiefnið sjálft skiptir þá höfuðmáli, en einnig eru önnur atriði skoðuð svo sem gæði úðunarbyssu, efnasamsetning hreinsiflöskunnar og jafnvel gæði öskjunnar og merkimiða.

Þannig er tryggt að S100 Hreinsiefnin standist ávallt ströngustu gæðakröfur.

2. Rétt umhirða lakkaðra flata og plastefna

Innihald

2.1 Að eyða móðu

2.2 Að auka gljáa

2.3 Að eyða rispum

2.4 Yfirborðslökun

2.5 Ólakkaðir plastefnahlutar

2.6 Svona má vernda lakkið gegn skordýrum

Lakkaðir málm- eða plastefnahlutar mótörhjólsins eru viðkvæmir fyrir breytilegu hitastigi og veðurfarsskilyrðum. Með tímanum getur veður sem og útfjólubláir geislar auðveldlega veðrað þá. Tíminn getur einnig farið illa með mattað og ólakkað plastefni. Efnum sem eru rispuð og veðruð og verða mött og óhrjálegt ásýndum er hægt að koma aftur í fullkomið ásigkomulag.

2.1 Að eyða móðu

Veðrað lakk dreifir ljósi sem fellur á það. Augað skynjar það sem móðu. Með notkun hágæða lakkslípiefnis verður yfirborð lakksins slétt og matta, veðraða lakklagið hverfur. Þá dreifist ljósið ekki og lakkið endurheimtir tæra og djúpa litinn sinn.

2.2 Að auka gljáa

Þegar óbrotið ljós endurkastast myndast það sem við köllum gljáa. Þetta endurkast ljóssins er hægt að auka verulega með notkun á réttu slípiefni. Þá heldur lakkið sínum sérstaka gljáa.

2.3 Að eyða rispum


Gott lakkslípiefni hylur ekki aðeins rispurnar í lakkinu, heldur eyðir þeim. Þá þarf að nota bestu fáanlegu slípiefnin. Fíngerðum rispum er þá hægt að eyða með notkun á vel samsettu slípiefni.

2.4 Yfirborðslökun

Við allsherjarviðhald á lakki tilheyrir ekki aðeins að nota slípiefni, heldur einnig yfirborðslökun. Það virkar eins og verndarlag og heldur óhreinindum og fínun rispum frá lakkinu. Með ákjósanlegri samsvörun á milli sílíkon- og vaxefnisþátta er hægt að ná fram auðveldri meðferð og langtímaáhrifum. S100 Lakk- og plastefnaslípiefnið veitir öllum málm- og plastefnahlutum fullkominn hámarksgljáa. Rispum og veðruðum lakklögum er eytt. Á sama tíma er yfirborðsfletinum lokað á áhrifaríkan hátt.

2.5 Ólakkaðir plastefnahlutar

Ólakkaðir, sléttir og munstraðir plastefnahlutar þarfnast sérstakrar meðhöndlunar vegna þess að þá skortir hið verndandi lakklag. Þegar viðhaldi er ekki sinnt gufa mýkingarefnin í plastinu upp vegna hita, útfjólublárra geisla eða kemískra efna. Niðurstaðan: Plastefnið verður brothætt og viðkvæmt og upplitast sífellt meir.



Fyrir alla slétta og harða plastefnahluta, eins og aurhlífar eða vindhlíf, er best að nota S100 Lakk- og plastslípiefnið fyrir reglulegt viðhald. Fyrir upplitað plastefni (lakkað eða ólakkað), eins og mótórhjólahluta úr málm, mælum við með S100 Litaendurnýjun til að endurnýja útlit þeirra. S100 Litaendurnýjun endurnýjar dauða yfirborðsfleti.

2.6 Svona má vernda lakkið gegn skordýrum

Skordýraleifar á vindhlíf mótorhjólsins er pirrandi vandamál. Ef þær eru ekki hreinsaðar strax af sitja þær fastar og erfitt reynist að fjarlægja þær. Óverndað lakk er fljótt að skemmast vegna skordýraleifa. Mikilvægt er að fjarlægja þær eins fljótt og mögulegt er.



Tæring á lakki vegna skordýra

Heimild: Lackschadenkatalog. (Vörulistinn um lakkskemmdir).

Hér er S100 Allrahanda mótorhjólahreinsiefnið gott til úrbóta. Öfugt við fljótandi efnavörur, sem renna eða þorna hratt, vinnur S100 Allrahanda mótorhjólahreinsiefnið á áhrifaríkan hátt á skordýraleifum og leysir þær upp fyrir tilstilli súper-hlaupformúlunnar. Mismunandi efnasamsetning tryggir hreinsiefni sem eru áhrifarík, án þess að hindra afköstin. Vinsamlegast athugið í því sambandi kaflann okkar um S100 Hreinsivörurnar fyrir mótorhjól.

Til að ná fram sem bestri vörn gegn skordýrum eftir ítarlega hreinsun hjólsins er mælt með notkun S100 Skordýravarnarinnar. Verndunarlag þess hindrar að skordýr og óhreinindi nái taki á hjólinu og auðveldar hreinsun þess. S100 Skordýravörn minnkar hættu á tæringu vegna skordýra.

3. Málmhreinsun og viðhald

Innihald

3.1 Ál

3.1.1 Bert, óhúðað ál

3.1.2 Lakkað ál

3.1.3 Rafhúðað ál

3.2 Viðhald málmhluta

Málmhlutir eru mikilvægir þættir mótorhjólsins því það eru þeir sem gjarnan skapa jafnvægi á hjólinu. Oftast er málmurinn húðaður til að vernda hann fyrir tæringu, oftast með lakki, rafhúðun eða krómhúðun. Stundum eru málmhlutir hafðir berir eða óvarðir.

3.1 Ál

Ál er notað til að minnka þyngd mótorhjólsins. Af þeim völdum má finna það á miðlægum stöðum líkt og grindum, sveifluörmum eða felgum. Hægt er að flokka áhluti í eftirfarandi hópa:

3.1.1 Bert, óhúðað ál

Oft eru aukahlutir fyrir mótorhjól framleiddir úr óhúðuðu, fægðu áli. Af þeim ástæðum er ál mjög viðkvæmt efni. Án nokkurrar verndunarhúðunar verður það fljótt matt og óhrjálegt. Jafnvel þegar ál kemst í snertingu við kranavatn geta sprottið fram skýrir flekkir og merki um tæringu. Vegna þessarar sérstöku viðkvæmni áls er ekki hægt að hreinsa burt bletti af beru áli á fullnægjandi hátt.

S100 Allrahanda mótorhjólahreinsiefnið með efnavernd veitir mestu mögulegu vernd fyrir bert ál. Hinsvegar er ekki hægt að tryggja hundrað prósent vernd. Reynslan sýnir að ekki þarf að hafa áhyggjur þegar kemur að beru áli. Engu að síður ber okkur skylda til að nefna að þetta viðkvæma efni á það til að verða flekkótt. Bert ál skal ávallt hreinsa með mjög mildu hreinsiefni og ítarlega skal farið eftir notkunarleiðbeiningum mótorhjólaframleiðandans um umhirðu og viðhald þess.

Hvernig þekkir maður bert ál?

Framkvæmið slípiefnaprófanir með mildri vöru, til dæmis S100 Lakk- og plastslípiefninu eða A1 Hraðvaxinu. Yfirborð bers áls verður þá mjög dökkt eða svart, öfugt við rafhúðað eða lakkað yfirborð.

3.1.2 Lakkað ál

Lakkað ál hefur mörg verndarlög. Við hreinsun á lökkuðum álhlutum má nota S100 Hreinsivörunar fyrir mótörhjól án vandkvæða.

3.1.3 Rafhúðað ál

Við rafefnafræðilega ferlið verður til sérstakt áloxíðlag yfir bera álið. Þetta lag verndar efnið fyrir óhreinindum og umhverfisáhrifum. Við hreinsun á rafhúðuðum álhlutum má einnig nota S100 Hreinsivörunar fyrir mótörhjól án vandkvæða.

S100 Hreinsiefnið fyrir mótörhjól má einnig nota á allar gerðir af húðuðum málmum (lökkuðum, rafhúðuðum eða krómuðum).

3.2 Viðhald málmhluta

Hægt er að koma gömlum, veðruðum eða möttum málmhlutum aftur í gott ásigkomulag með reglulegri umhirðu og notkun á t.d. S100 Hágljáa slípiefninu.

Berir álhlutar, gerðir upp með notkun málmslípiefnis, eða einnig skemmdir málmhlutar, ættu að vera meðhöndlaðir reglulega með S100 Tæringarvörn. Með þeirri sjálfsgræðandi verndarhlíf sem S100 Tæringarvörn myndar, er einnig tryggð endingargóð vörn gegn yfirborðsskemmdum af völdum áverka (til dæmis af steinkasti).

Fyrir upplituð plastefni (lökkuð eða ólökkuð), sem og fyrir mótörhjólahluta úr málmi mælum við með S100 Litaendurnýjun til að bæta útlit þeirra. S100 Litaendurnýjun lífgar upp á daufa yfirborðsfleti.

4. Hreinsun á felgum

Mótorhjólafelgur, sérstaklega á afturhjólinu, laða að sér mjög þrálát óhreinindi frá smurefni keðjunnar, auk hinna hefðbundnu götuóhreininda og bremsuslitagna. Sérstaklega erfitt reynist að fjarlægja þessi þrálátu óhreinindi.

S100 Allrahanda mótorhjólahreinsiefnið vinnur vel á þessu. Öfugt við aðra vökva sem renna fljótt af óhreinindunum eða þorna, þá virkar S100 Allrahanda mótorhjólahreinsiefnið vel á erfiða bletti og er endingargott.

Fullkomin efnasamsetning þess inniheldur engin ágeng efni án þess að það skerði árangur þrifanna. Vinsamlegast athugið í því sambandi kaflann okkar um S100 Hreinsivörur fyrir mótorhjól.

Athugið:

Til eru margar gerðir af mótorhjólafelgum. Flestar eru lakkaðar eða rafhúðaðar. Stundum eru felgur einnig samansettar úr beru, óvörðu áli. Vert er að lesa kaflann Ál um hvað ber að hafa í huga við hreinsun og umhirðu þess.

5. Besta vörnin gegn útfjólubláum geislum

Útfjólubláir geislar valda skemmdum á lökkuðum flötum og þeir missa gljáa sinn og litadýpt.

Beinir útfjólubláir geislar:

Beinir útfjólubláir geislar eyðileggja bindiefni í lakki. Ef bindiefnið verður fyrir skemmdum dofna litur og gljái lakksins smám saman. Lakkið dofna, verður matt og óhrjállegt.

Óbeinir útfjólubláir geislar:

Óbeinir útfjólubláir geislar valda myndun á niðurbrotsefnum. Um leið og þeir komast í snertingu við bindi- og litarefnin í lakkinu verður liturinn fyrir skemmdum. Áferð lakksins dofna sífelld og það missir gljáa sinn og litadýpt.

Hvað er ráðlegt að nota sem vörn gegn útfjólubláum geislum?

S100 Lakk- og plastslípiefnið, sem og A1 Hraðvax Plús 3 innihalda efni sem mynda þunnt og endingargott verndarlag yfir lakkið. Verndarlagið ver litarefnin og bindiefnin í lakkinu frá beinni snertingu við niðurbrotsefnin. Þá hindrar það að bindiefnin sundrist og litarefnin eyðist. Litadýpt og gljái haldast mun lengur og lakkið mun síður dofna.

6. Að undirbúa mótorhjólið fyrir vetrardvala

Fyrst og fremst er mikilvægt að hreinsa mótorhjólið vel og vandlega. Þannig er hægt að forða óhreindum, fitu eða svarfi frá því að festast í efninu yfir veturinn, sem vegna veðurskilyrða eða vegna þess hve lengi það situr á efninu getur skemmt það.

Mælt er með því að nota S100 Lakk- og plastefnaslípiefnið og síðan yfirborðslokun með notkun á S100 Gljá-vax úðanum á alla lakkaða fleti.

Þá skal veita keðjunni sérstaka athygli. Til að forða henni frá tæringu er gott að hreinsa keðjuna vel með S100 Keðjuhreinsiefninu Krafthlaup og smyrja hana svo með S100 Hvíta keðjuúðanum. Að lokum er gott að vernda málmhluta mótorhjólsins með notkun á S100 Tæringarvörninni. Þá er enginn möguleiki á að hjólið ryðgi.

Forða skal mótorhjólinu frá því að safna ryki. Breiðið yfir það og komið því helst fyrir á þurrum og upphituðum stað. Notið ábreiðu sem andar. Með því er hægt að forða hjólinu frá tæringu af völdum raka. Þá er hægt að byrja næsta vor með hreint hjól.

7. 10 ábendingar við hreinsun og umhirðu mótorhjólsins

- 1) Notið ekki súr eða mjög basísk hreinsiefni. Notkun þeirra leiðir til skemmda á efninu og getur jafnvel valdið heilsufarsskaða.
- 2) Notið aldrei hreinsiefni undir beinu sólarljósi eða á heitum yfirborðsfleti. Það þornar þá of fljótt og missir virkni sína. Í einstökum tilfellum getur hreinsiefnið brunnið á yfirborðsfletinum og skilið eftir sig óásjálæga bletti.
- 3) Veitið notkunarleiðbeiningunum á hreinsivörunni sérstaka athygli. Þær hafa mikil áhrif á virkni vörunnar.
- 4) Farið eftir þeim tímaramma sem gefinn er upp til að leyfa vörunni að virka.
- 5) Verið viss um að allur aukabúnaður og fylgihlutir séu hreinir og í góðu ásigkomulagi áður en mótorhjólið er hreinsað. Notið ekki óhreina svampa eða slitna bursta. Hreinsið allan hjálparbúnað á milli þvotta.
- 6) Fjarlægjið öll harðgerð óhreinindi svo sem skordýraleifar, fuglaskít, trjásaft og þess háttar eins fljótt og auðið er. Eftir tíu mínútna snertingu við óvarið lakk geta harðgerð óhreinindi valdið skemmdum. Hægt er að hindra skemmdir með notkun á S100 Skordýravörn.
- 7) Skolið hreinsiefnið ávallt vel af hjólinu, þangað til engin froða er eftir. Þegar aðeins hluti hjólsins er hreinsaður skal sjá til þess að sá hluti sé alltaf skolaður vel eftir hreinsun.
- 8) Verið viss um að prófa vöruna ávallt fyrirfram ef nota á hana á viðkvæma yfirborðsfleti.
- 9) Ávallt skal forhreinsa hjólið vandlega áður en það er fægt eða þvegið. Annars er hættu á að ennþá sitji fastar óhreinir agnir á hjólinu sem rispa lakkið þegar það er fægt eða þvegið.
- 10) Ávallt skal leita til fagmanna til að gera við skemmdar felgur eða aðra málmluti. Til að vernda málmlakkið skal ávallt höndla hann reglulega með tæringarvörn.